

Nd. **250. Nefndarálit**

um löggildingar á höfnum.

Nefndinni bárust 6 frumvörp um löggildingar á höfnum viðsveger með ströndum landsins:

1. Á þingskj. 81 um löggilding á Hvalnesskrók í Austur-Skaftafellssýslu.
2. Á þingskj. 83 um löggilding á Kviabryggju í Eyrarsveit í Snæfellenessýslu.
3. Á þingskj. 91 um löggilding á Gunnarsstaðaey í Hvammsfirði í Dalasýslu og Hjálmarsvík í Þistilfirði.
4. Á þingskj. 119 um löggilding á Herdísarvík í Árnessýslu.
5. Á þingskj. 200 um löggilding á Kirkjufellsvogi í Grundarfirði í Snæfellsnessýslu.
6. Á þingskj. 75 um löggilding verzlunarstaðar á Hámundarstöðum við Nýpsfjörð í Norður-Múlasýslu.

Nefndin leggur til að löggiltar verði hafnir þær, sem þingskj. 81, 83, 91, 119 og 75 fjalla um. Hefir hún safnað öllum þessum frv. í eitt, er hún ber fram á þingskj. 249.

Alþingi ^{20/3} 1911.

Sigurður Gunnarsson,
formaður.

Stefán Stefánsson.

Bjarni Jónsson frá Vogu,
skrifari og framsögum.

Þorleifur Jónsson.

Jón Sigurðsson.